

## 8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum fara sem almenn lögglumál.

87

14. ágúst

## 9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

Stjórnartíðindi 1947, B. 13.

## REGLUGERÐ

88

13. maí

### um húsagerðarsamþykktir í sveitum.

#### I. KAFLI

##### Markmið samþykktar og verkefni.

##### 1. gr.

Búnaðarsamböndum er heimilt að setja samþykkt um, að sambandið taki að sér ákveðnar húsagerðarframkvæmdir á sambandssvæðinu, eða komi á félagsskap, er taki að sér framkvæmd þessara mála.

Húsagerðarframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru:

1. Að reisa íbúðarhús;
2. að reisa hvers konar geymsluhús;
3. að reisa peningshús. Þar til heyrandi hesthús, fjós, fjárhús, svínahús, loðdýragarðar, hlóður fyrir þurrhey og vothey, áburðargeymslur, svo og önnur mannvirki, sem nauðsynleg eru til búreksturs.

#### II. KAFLI

##### Undirbúningur að stofnun húsagerðarsamþykta.

##### 2. gr.

Nú ákveður aðalfundur búnaðarsambands að koma á húsagerðarsamþykkt fyrir sambandssvæðið, og skal þá stjórn sambandsins semja frumvarp að húsagerðarsamþykkt á grundvelli laganna og þessarar reglugerðar. Frumvarpið skal senda formönnum allra hreppabúnaðarfélaga innan sambandsins. Jafnframt sé þeim tilkynnt, að frumvarpið verði tekið til fullnaðarafgreiðslu á næsta aðalfundi sambandsins.

##### 3. gr.

Formönnum hreppabúnaðarfélaganna ber að boða til almenns fundar í félagi sínu. Í fundarboði skal tekið fram, að frumvarp til húsagerðarsamþykktar verði til umræðu og afgreiðslu. Skal til fundarins boðað með nægilegum fyrirvara og félagsmönnum gefinn kostur á að kynna sér samþykktina. Skal tilkynnt í fundarboði, hvar samþykkt liggja frammi til sýnis fyrir félagsmenn.

Fundur telst lögmætur, ef fullnægt er ákvæðum gildandi laga hlutaðeigandi félags um lögmæti aðalfundar. Þar skal samþykktin borin undir atkvæði mættra félagsmanna. Gildir ákvörðun fundarins sem umboð fyrir fulltrúa þess á aðalfundi búnaðarsambandsins til lokaákvæðana og atkvæðagreiðslu um stofnun húsagerðarsamþykktar.

## 4. gr.

Þegar frumvarp að samþykkt hefur fengið áðurgreindan undirbúning, samkvæmt 2.—4. gr. þessarar reglugerðar, og hlotið samþykki meiri hluta hreppabúnaðarféлага á sambandssvæðinu, skal það lagt fyrir aðalfund sambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur frumvarp að samþykkt með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkv. atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda samþykktina Búnaðarfélagi Íslands, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

## 5. gr.

Nú eru komnar fram kröfur frá einu eða fleirum hreppabúnaðarfélögum um skiptingu búnaðarsambandsins í samþykktarsvæði og liðinn er sá frestur, er um getur í 3. gr. laganna, 1. mgr., og skal þá stjórn búnaðarsambandsins gera tillögur um slíka skiptingu. Skal skiptingunni þannig hagað, að hvert sýslufélag sé eitt húsagerðarsamþykktarsvæði, en heimilt er þó, ef nauðsynlegt þykir aðstöðu vegna, að takmörk séu önnur, enda sé fengin umsögn nýbýlastjórnar.

## 6. gr.

Nú hefur sambandsstjórn gert tillögur um skiptingu búnaðarsambands í húsagerðarsambönd, og skal hún þá leita um þær álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi hreppabúnaðarféлага. Ber formönnum hreppabúnaðarféлага að hafa þá meðferð um afgreiðslu málsins, sem ákveðin er í 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar, enda ber stjórn búnaðarsambandsins að láta fylgja umsagnarbeiðninni frumdrætti að samþykkt fyrir hvert húsagerðarsamband. Nú telur Búnaðarfélag Íslands að skiptin brjóti í bága við ákvæði laganna og reglugerðar þessarar, og skal þá synja um staðfestingu á þeim, þar til er bót hefur verið á því ráðin.

## 7. gr.

Að fengnum samþykktum hreppabúnaðarfélaganna og umsögn Búnaðarfélags Íslands, skulu tillögur um skiptin og frumdrættir að samþykkt fyrir hvert húsagerðarsamband lögð fyrir aðalfund búnaðarsambandsins, sem tekur ákvörðun um skiptinguna.

## 8. gr.

Að fengnum þeim undirbúningi, er um getur í 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar getur hvert húsagerðarsamband innan þess búnaðarsambands, er skiptin ná til, sett sér húsagerðarsamþykkt að eigin frumkvæði. Skal það gert á sameiginlegum almennum fundi hlutaðeigandi hreppabúnaðarféлага eða á fulltrúafundi og skulu fulltrúar kosnir í hlutfalli við tölu félagsmanna í hverju hreppsbúnaðarfélagi. Samþykki löglega boðaður almennur félagsfundur eða fulltrúafundur frumvarp með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skal stjórn húsagerðarsambandsins senda Búnaðarfélagi Íslands samþykktina, er leitar á henni staðfestingar landbúnaðarráðherra.

## 9. gr.

## III. KAFLI

## Framkvæmdastjórn og verksvið hennar.

88

13. maí

## 10. gr.

Í samþykktum skal kveða á um, hvernig framkvæmdastjórn sé skipuð, um lengd kjörtímabils og verkaskiptingu stjórnarnefndarmanna, enn fremur um valdsvið félagsfunda og framkvæmdastjórnar.

## 11. gr.

Framkvæmdastjórn búnaðarsambands eða húsagerðarsambands skal annast kaup á nauðsynlegum vélum, verkfærum og veggjamótum til þeirra framkvæmda, sem um er getið í 1. gr. reglugerðar þessarar, en skylt er henni að hafa samráð við teiknistofu landbúnaðarins um kaup og val tækjanna, enda skal teiknistofan veita aðstoð þar að lútandi eftir því sem þörf krefur.

## 12. gr.

Stjórnin sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, er keypt verða. Henni ber að hafa þau brunatryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

## 13. gr.

Stjórnin annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu og ákveður á hverjum tíma og í hverri röð verkefni eru tekin, sem unnið skal að.

## 14. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra í samráði við teiknistofu landbúnaðarins. Með erindisbréfi skal framkvæmdastjóra falin umsjón daglegs reksturs, þar með talin yfirstjórn vinnuflokka. Hann skal hafa tekið sveinspróf í húsasmíði og hafa full réttindi húsasmíðameistara. Þó má, ef ekki er annars kostur, ráða mann, sem ekki hefur full réttindi, ef hann að dómi sambandsins, Búnaðarfélags Íslands og teiknistofu landbúnaðarins, telst full fær til að taka starfið að sér. Nú hefur sýslunefnd gert byggingarsamþykkt, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945 og ráðið byggingarfulltrúa, er þá húsagerðarsambandi viðkomandi sýslu heimilt að fela honum framkvæmdastjórn þess.

## 15. gr.

Allir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd húsagerðarsambands, samkvæmt samþykktum þess eða ályktunum aðalfunda sambandsins, eru skuldbindandi fyrir félagsheildina og hreppabúnaðarfélögin, er að samþykkt standa, án þess, að það hafi sérstaklega verið borið undir þá. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi sambandsins.

## IV. KAFLI

## Undirbúningur framkvæmda.

## 16. gr.

Nú er samþykkt staðfest og undirbúningur hafinn til framkvæmda og ber þá teiknistofu landbúnaðarins að láta byggingafróða menn athuga og gera tillögur um hvar og hvernig húsum verði bezt fyrir komið á þeim jörðum, þar sem óskað er aðstoðar sambandsins um húsagerð og annað, er að byggingu lýtur. Trúnaðar-

**88** menn þessir skulu jafnframt leita álits jarðeiganda eða leiguliða, ef um erfðaábúð er að ræða, og taka í tillögum sínum tillit til óska þeirra eftir því, sem fært þykir. **13. maí** Kostnaður við þessa athugun greiðist af teiknistofu landbúnaðarins. Nú hefur byggingasamþykkt verið sett, samkvæmt lögum nr. 108 frá 31. des. 1945, og fer þá um framkvæmd þessara mála samkvæmt henni.

## 17. gr.

Byggingar, sem reistar eru samkvæmt lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð þessari, skulu gerðar eftir uppdráttum samþykktum eða gerðum af teiknistofu landbúnaðarins og í samráði við viðkomandi aðila. Rísi ágreiningur út af uppdráttum, hefur Búnaðarfélag Íslands úrskurðarvald.

## 18. gr.

Byggingasjóður og nýbýlasjóður ríkisins leggja fram sem styrk  $\frac{1}{3}$  hvor af kostnaðarverði þeirra véla og vinnutækja, kominna á ákvörðunarstað, er forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins, í samráði við Búnaðarfélag Íslands telur samböndum þörf á til byggingastarfsemi þeirra. Styrkur veitist til kaupa á nýjum og vönduðum tækjum, eða vélum og tækjum, sem að áliti teiknistofu landbúnaðarins og Búnaðarfélags Íslands, eru jafngild nýjum að nothæfni, enda hafi kaupin farið fram eftir að lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum öðluðust gildi. Framlög endurgreiðist úr rikissjóði.

## 19. gr.

Framkvæmdastjórn húsagerðarsambands ber að taka þá greiðslu fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt reglugerð þessari, að hún nægi fyrir öllum venjulegum reksturskostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri jafnóðum og þau verða ónothæf. Teiknistofa landbúnaðarins ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði. Gjald þetta ákveðst sem jafnt árgjald skipt á það árabil, er telst hæfilegur endingartími vélanna, að dómi teiknistofu landbúnaðarins. Teiknistofan ákveður fjárhæð fyrningargjalds og skal það miðast við, að hægt sé að endurnýja vélar og verkfæri að öllu leyti, að fyrningartímabilinu loknu. Nú eru vélar ekki notaðar einhvern tíma, og ber þá hlutaðeigandi húsagerðarsambandi að greiða fyrningargjaldið fyrir þann tíma.

## 20. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum teiknistofu landbúnaðarins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Stjórnir húsagerðarsambanda tilkynna teiknistofu landbúnaðarins þegar endurnýja þarf vélar eða verkfæri, og skal þá teiknistofa landbúnaðarins láta fara fram skoðun á þeim. Eftir skoðunina ákveður teiknistofa landbúnaðarins, hver áhöld skuli keypt til endurnýjunar, og tilkynnir það stjórn Búnaðarfélags Íslands ásamt tillögum sínum um, hvað skuli greiðast úr fyrningarsjóði til kaupanna. Þegar vélar og verkfæri hafa verið keypt, ávísar stjórn Búnaðarsambands Íslands fé því, er hún ákveður, að fyrningarsjóður leggi fram.

## 21. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins skal hafa, í samráði við verkfæranefnd ríkisins, eftirlit með vélum þeim og verkfærum, sem keypt eru og notuð samkvæmt ákvæð-

um reglugerðar þessarar, viðgerðum á þeim og viðhaldi, svo og ef þess er óskað, 88  
öðrum vélknúnum tækjum, sem notuð eru í sambandi við framkvæmdir þessar. 13. maí  
Skýlt er framkvæmdastjórn að sjá um, að vélar og verkfæri séu geymd þannig,  
þegar þau eru ekki í notkun, að öruggt megi telja að þau verði ekki fyrir skemmd-  
um. Framkvæmdastjórn ber að hlýta ákvörðunum teiknistofu landbúnaðarins og  
verkfæranefndar um viðhald vélanna, hirðingu þeirra og geymslu. Vanræki húsa-  
gerðarsamband viðhald véla þessara, að dómi þessara aðila, eða neiti að hlýta fyrir-  
mælum þeirra þar að lútandi, skal það varða sektum eða endurgreiðslu styrksins,  
sé um miklar sakir að ræða.

Kostnaður við eftirlit það, er hér um ræðir, greiðist af teiknistofu landbún-  
aðarins.

## V. KAFLI

### Fjáröflun og tryggingar.

#### 22. gr.

Hvert húsagerðarsamband myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Tekjur hans eru:

1. Óafturkræft framlag heiman úr héraði, er nemi minnst  $\frac{1}{6}$  hluta heildarstofn-  
fjár.
2. Sameiginlegt stofnfjárlán, sem endurgreiðist innan 5 ára.
3. Framlög byggingasjóðs og nýbýlasjóðs, er nemi  $\frac{2}{3}$  kostnaðarverðs véla og  
tækja. Stofnfjárframlag úr héraði greiðist til sambandsstjórnar, þá er sam-  
þykkt hefur öðlazzt gildi.

#### 23. gr.

Húsagerðarsamböndum er heimilt að stofna framkvæmdasjóð. Í sjóð þennan  
renni tekjur samkvæmt 31. og 33. gr. reglugerðarinnar.

#### 24. gr.

Komi í ljós síðar, að álitu framkvæmdastjórnar, að auka þurfi stofnsjóð, ber  
henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjárukningu til félagsdeildanna, áður  
en fulltrúar eru kosnir á aðalfund húsagerðarsambandsins. Ef  $\frac{3}{5}$  hlutar löglega  
kjörinna fulltrúa á aðalfundi ákveða stofnfjárukningu, er hún bindandi fyrir fé-  
lagsheildirnar.

#### 25. gr.

Nú hefur húsagerðarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt  
fyrirmælum hennar, og skal þá Búnaðarfélag Íslands senda hlutaðeigandi húsa-  
gerðarsambandi byggingastyrk allra aðila á sambandssvæðinu óskertan til afgreiðslu  
og úthlutunar, að frádregnu fyrningargjaldi, samkvæmt 19. gr., nema sambands-  
stjórnin geri aðrar ráðstafanir.

#### 26. gr.

Skuldir, sem myndast kunna við húsagerðarsamband samkvæmt lögum og  
reglugerð þessari, eru forgangsskuldir, tryggðar með veði í jörð þeirri, er fram-  
kvæmdin hefur verið gerð á, eftir lánum þeim, er á jörðinni hvíldu, er framkvæmdin  
hófst og víkja aðeins fyrir opinberum gjöldum og fylgijárkröfum, ef um óðals-  
jarðir er að ræða. Skuldir þessar má taka lögtaki.

## VI. KAFLI

## Um tilhögun framkvæmda.

## 27. gr.

Skýlt er stjórnnum félagsdeildanna, hverri á sínu svæði, að skrá verkbeiðnir félagsmanna sinna fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint hvað óskað er eftir að gert sé á næsta ári. Skýrslur þessar skulu komnar til stjórnar húsagerðarsambands eigi síðar en í nóvemberlok. Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum samþykktur uppdráttur frá teiknistofu landbúnaðarins, greiðsluskuldbinding hvers fyrir sig og yfirlýsing um væntanleg lán til bygginganna séu til tryggingar skilvísri greiðslu.

## 28. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 27. gr., ber framkvæmdastjórn að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur um veigamikil atriði framkvæmdaáætlunar, ber að leggja hana fyrir aðalfund til samþykktar. Framkvæmdastjórn er skýlt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, eftir því sem við verður komið.

## 29. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

Að þær jarðir, sem mest þarfnast nýbygginga, sitji fyrir eftir því, sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.

## VII. KAFLI

## Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

## 30. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupendum, eftir þeim skilyrðum og á þann hátt, er tilgreint verður í verktökusamningum. Heimilt er stjórn sambandsins að láta greiðslur fara fram eftir áætlunum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðslu skal miða við kostnaðarverð.

## 31. gr.

Kostnaðarverð telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutning þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður. Heimilt er að leggja á áhættuþóknun, er nemi allt að 10% af heildarkostnaði hvers árs.

## 32. gr.

Aðalfundur húsagerðarsambands getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 1. gr. þessarar samþykktar, í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing.

## 33. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn, ef ekki eru næg verkefni hjá félagsmönnum, að taka að sér verkefni fyrir hreppsfélög eða aðra aðila á samþykktarsvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði 1. gr., ef sýnt þykir, að það sé hagkvæmt fyrir húsagerðarsambandið, enda sé tryggt, að vélakostur og mannaflí sé ekki festur svo við þessi störf, að það brjóti í bága við hagsmuni félagsmanna.

## 34. gr.

88

Reksturskostnaður af áhættuþóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu 13. maí eða þeim verkum, er um getur í 33. gr., skal leggjast í framkvæmdasjóð.

## VIII. KAFLI

Um breyting samþykktá og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

## 35. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á húsagerðarsamþykkt, skulu sendast félagsdeildum til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund hlutaðeigandi húsagerðarsambands. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar til Búnaðarfélags Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

## 36. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggja fyrir um, að tilgangi samþykktar verði ekki náð, og að lög-mætur aðalfundur hlutaðeigandi sambands samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fulltrúa, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

## 37. gr.

Brot gegn lögum og reglugerð þessari varðar sektum til ríkissjóðs frá 100—5000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 13. maí 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

Árni G. Eylands.

## G J A L D S K R Á

89

fyrir flugvöllinn í Keflavík.

24. marz

## 1. Lendingargjöld:

Fyrir hverja lendingu skal greiða lendingargjald, kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn. Miða skal við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar brúttó (Aircraft Gross Weight). Minnsta gjald er kr. 10.00.

## 2. Flugskýlisleiga:

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á hvern m<sup>2</sup> gólfplatar. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á m<sup>2</sup> á mánuði, en kr. 50.00 á m<sup>2</sup> á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.